

Miðvikudaginn 27. júní 1951.

Kærumálið nr. 17/1951.

Stangaveiðifélag Akraness

gegn

Landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson,
próf. Ólafur Jóhannesson og próf.
Ármann Snævarr í stað hrd. Árna
Tryggvasonar, hrd. Jóns Ásbjörns-
sonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
sonar.

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru, dags. 20. þ. m., sem hingað barst 22. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 198. gr. laga nr. 85/1936 skotið til Hæstaréttar úrskurði, er kveðinn var upp í aukarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 15. júní þ. á. Með úrskurði þessum var tekin til greina krafa varnaraðilja um dómkvaðningu tveggja manna til þess að framkvæma mat á skiptum á veiði í Grímsá, annars vegar fyrir landi jarðarinnar Hests og hins vegar fyrir landi Þingness, Fossatúns, Múlakots og að nokkru leyti Hvítárvalla, að undanskilinni veiði í Laxfossi. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur, og til vara, að hann verði úr gildi felldur, svo og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum kærumáls-kostnað, hvernig sem málið fer.

Frá varnaraðilja hefur engin greinargerð borizt Hæsta-rétti.

Í hinum kærða úrskurði greinir hvorki aðilja málsins né kröfur þeirra og málsatvikum og málsástæðum er þar eigi lýst nema að litlu leyti. Héraðsdómarinn hefur því eigi gætt fyrir mæla 2. málsg. 190. gr. og 4. málsg. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á formhlið málsins þykir verða að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í

hérað til uppsögu úrskurðar af nýju, þótt málsgögn þau, er úrskurðinum fylgdu, bendi til þess, að hann sé að efni til réttur.

Rétt þykir eftir atvikum, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 15. júní 1951.

Orðin „telst vanhaldin“ í 4. gr. laxveiðilaganna nr. 112 frá 1941 verða vart skilin á þann hátt, að áður en dómkvaðning matsmanna fer fram, þurfi að meta hvort matsbeiðandi sé vanhaldinn um veiði. Eðlilegast virðist að skilja orðin, svo sem þar stæði: „telur sig vanhaldinn“. Landbúnaðarráðherra hefur í matsbeiðni sinni gert grein fyrir því, að hann hafi leitað samkomulags við Stangaveiðifélag Akraness um veiðiskiptin, en eigi getað náð þeim samningum, er hann telur réttláta.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna dómkvaðning skal fara fram.

Þriðjudaginn 25. september 1951.

Kærumálið nr. 18/1951.

Sigurður Berndsen

gegn

Herði Ólafssyni.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd.
Árna Tryggvasonar.

Synjun frests.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 21. júní þ. á., sem hingað barst 30. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 21. júní s.l, þar sem synjað var kröfu um frest til 4.